



BORGARSKJALASAFN  
REYKJAVÍKUR

# **Menningar- og ferðamálasvið Reykjavík Loftbrú**

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík  
[www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is](http://www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is)

# Menningar- og ferðamálasvið

## Reykjavík Loftbrú

### Formáli

Skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs vistar sjóðinn Reykjavík Loftbrú sem ætlað er að styðja framsækið íslenskt tónlistarfólk til að hasla sér völl á erlendra grund og kynna í leiðinni Reykjavík sem nútímalega menningarborg. Aðilar að Reykjavík Loftbrú eru Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH), Samtök tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF), Félag hljómplötuframleiðenda (FHF), Reykjavíkurborg og Ícelandair. Stjórn Reykjavíkur Loftbrúar samþykkti á stjórnarfundum sínum 3. mars 2011 að framlengja starfstíma sjóðsins út árið 2011.

Helstu skilyrði og fyrirkomulag:

Umsóknarfrestur er síðasti dagur hvers mánaðar og þurfa umsóknir að hafa borist fyrir miðnætti þann dag. Sækja þarf um styrk til ferðar með að lágmarki fjögurra vikna fyrirvara, þ.e.a.s. brottfarardagur má ekki vera innan fjögurra vikna frá síðasta skiladegi umsókna í hverjum mánuði.

Stuðningur Reykjavíkur Loftbrúar er í formi farmaða sem bókaðir eru um leið og úthlutað er. Hámark fjárhæðar pr. farmaða er 80.000 kr. Sjóðurinn veitir jafnframt styrkþegum heimild til yfirvigtar allt að 50 kg. á einstakling – eða 250 kg að hámarki á verkefni sem sækja þarf sérstaklega um á vef Ícelandair ef til úthlutunar kemur. Styrkþegar fá staðfestingu á úthlutun í tölvupósti sem felur í sér bókun á farmaða og veflykil, sem gildir í 3 daga frá útgáfu. Hafi styrkþegi ekki gengið frá bókun og greiðslu skatta á vef Ícelandair innan þess tíma fellur úthlutunin niður. Styrkþegar bera sjálfir kostnað af hugsanlegri uppfærslu og/eða breytingum á miða eftir úthlutun auk þess sem greiðsla flugvallarskatta er á ábyrgð styrkþega. Hámarks fjöldi fyrir hvert verkefni er 8 flugmiðar (án skatta) fram og til baka. Umsóknir skulu innihalda greinargóða lýsingu á verkefninu, upplýsingar ferðadaga, áfangastað, kennitölur og nákvæmt hlutverk hvers og eins í verkefninu. Styrkþegar skulu undirrita samning þar sem kveðið er á um gagnkvæmar skyldur og skal sá samningur liggja fyrir undirritaður innan 7 daga frá úthlutunardegi.

*Um styrkveitingar Reykjavíkur Loftbrúar.*

### Skilyrði um styrkveitingar Reykjavíkur Loftbrúar

#### 1. gr.

##### Grunnskilyrði og staðfestingar

Hlutverk Reykjavíkur Loftbrúar er að styrkja íslenskt tónlistarfólk, höfunda/tónskáld og útgefendur. Sjóðurinn styrkir fyrst og fremst flutning og kynningu á íslenskri, tónlist með veitingu styrkja vegna flugferða á áfangastaði Ícelandair.

Skilyrði styrkveitinga frá Reykjavík Loftbrú er að styrkþegar uppfylli tvö eða fleiri af eftirfarandi skilyrðum:

i. Hafi komið fram opinberlega á tónlistarhátíðinni Íceland Airwaves, Jazzhátíð í Reykjavík, Myrkum músíkdögum, Listahátíð í Reykjavík og/eða sambærilegum vettvangi sem tengja má stofnaðilum Loftbrúar.

ii. Hafi gefið út efni með eigin verkum og/eða flutningi.

iii. Geti lagt fram gögn um verkefni á erlendra grundu sem að samdóma mati úthlutunarnefndar er talið geta styrkt ímynd Íslands og Reykjavíkur sem uppsprettu framsækinnar menningar og öflugs tónlistarlífs.

Umsækjendur þurfa að leggja fram vönduð gögn sem með óyggjandi hætti staðfesta eitthvað af eftirfarandi:

iv. Fyrirhugað tónleikahald eða aðra framkomu tengda fjölmiðlum og kynningarviðburðum á erlendum vettvangi.

v. Raunhæfa möguleika á útgáfu- eða dreifingarsamningi sem styrkveiting geti stuðlað að.

vi. Staðfesting skal vera skrifleg og undirrituð frá einhverjum eftirfarandi: tónleikahaldara, skipuleggjenda, framleiðanda eða hljómplötufyrirtæki og skal fylgja með umsókn.

Reykjavík Loftbrú skuldbindur sig til að fara með öll gögn tengd umsóknum sem fyllsta trúnaðarmál.

## **2. gr.**

### **Styrkþegar og fjöldi styrkveitinga**

i. Að jafnaði styrkir Reykjavík Loftbrú hvern umsækjanda/hljómsveit um að hámarki þrjú verkefni á hverju starfsári sjóðsins.

ii. Ferðastyrkur takmarkast við flytjendur, höfunda og að hámarki einn aðstoðarmann vegna viðburðar.

iii. Hámarks fjöldi fyrir hvert verkefni er 8 flugmiðar ( án skatta) fram og til baka.

iv. Styrkhæfni útgefenda skal miðast við þátttöku í sýningum og/eða viðburðum þar sem útgáfa er kynnt og eiga þeir kost á úthlutun að hámarki tveimur ferðastyrkjum til tveggja verkefna á hverju starfsári. Að öðru leyti gilda sömu skilyrði um staðfestingar, greinargerðir og samninga og um tónlistarmenn og höfunda.

v. Að öllu jöfnu skulu félagar í FÍH, STEF og FHF ganga fyrir við úthlutanir. Sjóðsstjórn og/eða úthlutunarnefnd er heimilt að veita undanþágu frá þessum ákvæðum liggja sterkar röksemdir að baki

## **3. gr.**

### **Takmarkanir á styrkveitingum**

i. Sjóðurinn styrkir ekki ferðir á fundi, þátttöku í ráðstefnum, upptökur og ferðir sem ekki innifela flutning á lifandi tónlist – sjá þó 2. grein .iv.

ii. Sjóðurinn styrkir ekki ferðir sem skipulagðar eru og styrktar verulega af opinberum aðilum, einstökum fyrirtækjum eða félögum öðrum en þeim er standa að Reykjavík Loftbrú.

iii. Stuðningur Reykjavíkur Loftbrúar er í formi farmiða sem bókaðir eru um leið og úthlutað er. Hámark fjárhæðar pr. farmiða er 80.000 kr. Sjóðurinn veitir jafnframt styrkþegum heimild til yfirvigtar allt að 50 kg. á einstakling – eða 250 kg. að hámarki á verkefni. Sækja skal sérstaklega um heimild fyrir yfirvigt á síðunni [www.icelandair.is/loftbru](http://www.icelandair.is/loftbru) eða á sérstöku eyðublaði sem fylgir samningi og skal staðfestingu á móttöku hjá Icelandair liggja fyrir a.m.k. tveimur sólarhringum áður en ferðin hefst. Ferðin skal hefjast á Íslandi.

iv. Styrkþegar bera sjálfir kostnað af hugsanlegri uppfærslu og/eða breytingum á miða auk þess sem greiðsla flugvallarskatta er á ábyrgð styrkþega.

v. Reykjavík Loftbrú hvetur umsækjendur til að nýta styrki sjóðsins eins vel og mögulegt er. Að jafnaði eru stakir tónleikar eða viðburðir ekki styrktir nema hægt sé að sýna fram á að verkefnið hafi verulega þýðingu fyrir viðkomandi umsækjanda og íslenskt tónlistar- og menningarlíf.

vi. Úthlutunarnefnd er óheimilt að taka til umfjöllunar umsóknir frá fyrri styrkhöfum sjóðsins sem ekki hafa uppfyllt ákvæði í samningi, s.s. skil á viðunandi greinargerð og tilvísun til stuðnings Loftbrúar á útgefnu efni og annars staðar þar sem því verður við komið.

vii. Dragist ferðaáætlun styrkþega óhóflega eða breytist aðstæður þannig að forsendur styrkveitingar breyta er úthlutunarnefnd heimilt að afturkalla veitta styrki. Við hvers kyns vanefndir á skuldbindingum styrkþega við sjóðinn getur úthlutunarnefnd einnig afturkallað styrki.

#### 4. gr.

##### Umsóknir og skilafrestir

i. Umsóknir skulu berast fyrir 1. hvers mánaðar og skal brottfarardagur vera að lágmarki 4 vikum eftir þá dagsetningu. Styrkþegar fá staðfestingu á úthlutun sem felur í sér bókun á farmiða, sem gildir í 3 daga frá útgáfu. Hafi styrkþegi ekki gengið frá bókun og greiðslu skatta innan þess tíma fellur úthlutunin niður.

ii. Verði breytingar á áætlun styrkþega um verkefni sem þegar hefur verið bókað skal viðkomandi sækja um endurgreiðslu á sköttum til Ícelandair. Þjónustugjald að fjárhæð 2.500 kr. fyrir hvern veittan farmiða dregst frá endurgreiðslu í slíkum tilfellum.

Styrkþega ber að tilkynna Reykjavík Loftbrú formlega um niðurfellingu á verkefni sem úthlutað hefur verið til.

iii. Umsóknir skulu innihalda greinargóða lýsingu á verkefninu, upplýsingar ferðadaga, áfangastað, kennitölur og nákvæmt hlutverk hvers og eins í verkefninu.

iv. Sjóðsstjórn og úthlutunarnefnd er leyfilegt að gefa vilyrði fyrir styrk án þess að fyrir liggi allar skriflegar staðfestingar enda verði styrkurinn ekki greiddur út nema fyrir liggi gögn, sbr. 1.gr. stofnskrár staðfest af fulltrúum sjóðsins.

#### 5. gr.

##### Fyrirkomulag afgreiðslu og samningar

i. Úthlutunarnefnd fundar mánaðarlega - innan fimm virkra daga frá skilafresti. Umsækjendur frá samdægurs upplýsingar um afgreiðslu nefndarinnar. Komi til styrkveitingar skulu styrkþegar skrifa undir samning við Reykjavík Loftbrú.

ii. Við undirritun samnings skal styrkþegi skuldbinda sig til að skila greinargerð um verkefnið og skal hún berast í síðasta lagi mánuði frá heimkomu. Óheimilt er að veita umsækjanda frekari stuðning Reykjavíkur Loftbrúar hafi skilyrði samnings ekki verið að fullu uppfyllt.

*Samþykkt af stjórn Reykjavíkur Loftbrúar janúar 2010*

Skjöl Reykjavíkur Loftbrúar, bærust Borgarskjalasafni í maí 2011 og janúar 2013.  
Tímabil 2003-2012.

## Skjalaskrá

### A Flokkur. Fundargerðir

#### Askja A-1

##### Örk 1

Gögn um stofnun sjóðsins Reykjavík Loftbrú, maí 2003:

Loftbrú Reykjavík. Ícelandair, STEF/FÍH og Reykjavíkurborg hafa stofnað sjóðinn Reykjavík Loftbrú, greinargerð, tilgangur, markmið, stofnendur og framlög. drög að stofnskrá, um skilyrði styrkveitinga, Samningur (óúrfylltur 2003). Fréttatilkynning, um afsláttarkjör Ícelandair, bréf, fjármál - styrkir o.fl.. Eyðublað.

*Örk 2*

Fundargerðir 2003-2004.

1.-5. stjórnarfundur 26. maí 2003 til 5. fundur 14. maí 2003 ásamt fylgiskjöllum. m.a. samningar.

*Örk 3*

1.-8. fundur verkefnastjórnar 2003-2004.

*B Flokkur. Bréfa- og málafn.*

**Askja B-1**

*Örk 1*

Greinargerðir Reykjavík Loftbrú 2004-2008

Greinargerðir um: tónleikaferðir, tónlistahátíðir, styrkveitingar, samstarf, ferðalög. Bréf, skýrslur, lýsingar, ýmsar upplýsingar, bæklingar, geisladiskar, blaðaúrklippur o.fl.

*Örk 2*

Greinargerðir Reykjavík Loftbrú 2004-2009.

Sambærileg efni og í *Örk 1*.

*C. Flokkur. Umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar*

**Askja C-1**

Höfuðborgarstofa – umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar.  
2003-2004.

**Askja C-2**

Höfuðborgarstofa – umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar 2004, janúar – júní.

**Askja C-3**

Höfuðborgarstofa – umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar 2004, júlí – desember.

**Askja C-4**

Höfuðborgarstofa – umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar 2005, janúar – apríl.

**Askja C-5**

Höfuðborgarstofa – umsóknir til Reykjavíkur Loftbrú 2005, apríl – júní.

**Askja C-6**

Höfuðborgarstofa – umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar 2005, júní – september.

**Askja C-7**

Höfuðborgarstofa – fylgigögn með umsóknum til Reykjavíkur Loftbrúar 2003-2007 (geisladiskar).

**Askja C-8**

Höfuðborgarstofa – umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar 2005, september – desember.

Höfuðborgarstofa – umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar 2006, janúar – apríl.

**Askja C-9**

Höfuðborgarstofa – umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar 2006, apríl – júní.

**Askja C-10**

Höfuðborgarstofa – umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar 2006, júní – desember.

**Askja C-11**

Höfuðborgarstofa – umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar 2007, janúar - apríl.

**Askja C-12**

Höfuðborgarstofa – umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar 2007, apríl – september.

**Askja 2-13 C-13**

Höfuðborgarstofa – umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar 2007, september – desember.

**Askja C-14**

Höfuðborgarstofa – fylgigögn með umsóknum til Reykjavíkur Loftbrúar 2003-2007 (geisladiskar).

**Askja C-15**

Höfuðborgarstofa – greinargerðir vegna úthlutana úr Reykjavík Loftbrú 2003-2004.

**Askja C-16**

tóm

**Askja C-17**

Umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar 2008, janúar – febrúar.

**Askja C-18**

Umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar 2008, mars – ágúst.

**Askja C-19**

Umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar 2008, september- desember.

**Askja C-20**

Umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar 2009, janúar – mars.

**Askja C-21**

Umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar 2009, apríl – september.

**Askja C-22**

Umsóknir til Reykjavíkur Loftbrúar 2009, október – desember.

### **Askja C-23**

Samningar úthlutanir 2010 til tónlistarmanna m.a. ferðastyrkir – flugmiðar til þátttöku til tónleikaferða eða til að taka þátt í tónlistarhátíðum o.þ.h. ásamt fylgiskjöllum

### **Askja C-24**

Samningar 2010-2011. Úthlutanir til tónlistarmanna m.a. ferðastyrkir – flugmiðar til þátttöku til tónleikaferða eða til að taka þátt í tónlistarhátíðum o.þ.h. ásamt fylgiskjöllum

Einn samningur – umsókn frá 2011.

*D Flokkur. Fylgiskjöl CD-diskar o.fl.*

### **Askja D-1**

Geisladiskar með tónlistarefni af ýmsu tagi, lagðir fram sem fylgiskjöl með umsóknum til Reykjavík Loftbrú 2010-2012 m.a.: Rokk – popp – íslensk einsöngslög. (öskjur 82 og 83).

### **Askja D-2**

Geisladiskar af ýmsu tagi lagðir fram sem fylgiskjöl með umsóknum til Reykjavíkur Loftbrúar 2010-2012.

### **Askja D-3**

Geisladiskar af ýmsu tagi lagðir fram sem fylgiskjöl með umsóknum til Reykjavíkur Loftbrúar 2010-2012.

### **Askja D-4**

Geisladiskar af ýmsu tagi lagðir fram sem fylgiskjal með umsóknum til Reykjavíkur Loftbrúar 2010-2012.

### **Askja D-5**

Geisladiskar af ýmsu tagi lagðir fram sem fylgiskjal með umsóknum til Reykjavíkur Loftbrúar 2011-2012.

### **Askja D-6**

Geisladiskar af ýmsu tagi lagðir fram sem fylgiskjöl með umsóknum til Reykjavíkur Loftbrúar 2011-2012.

### **Askja D-7**

Geisladiskar af ýmsu tagi lagðir fram sem fylgiskjal með umsóknum til Reykjavíkur Loftbrúar 2011-2012.

### **Askja D-8**

Geisladiskar af ýmsu tagi lagðir fram sem fylgiskjöl með umsóknum til Reykjavíkur Loftbrúar 2011-2012.

### **Askja D-9**

Geisladiskar af ýmsu tagi lagðir fram sem fylgiskjal með umsóknum til Reykjavíkur Loftbrúar 2011-2012.

### **Askja D-10**

Geisladiskar af ýmsu tagi lagðir fram sem fylgiskjal með umsóknum til Reykjavíkur Loftbrúar 2011-2012.

Skráð á Höfuðborgarstofu og af  
Guðjón Indriðasyni 2011 og 2013